

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. nóvember 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, 257. mál.

SVP – Samtök verslunar og þjónustu, ásamt Samtökum heilbrigðisfyrirtækja, sem starfandi eru innan SVP, gæta hagsmuna fyrir sjálfstætt starfandi fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu. Meðal þeirra aðila sem starfandi eru innan þessara samtaka, eru fyrirtæki sem veita þeim einstaklingum sem nefnt frumvarp á að ná til, þjónustu sína.

1. Almenn

Markmið og hlutverk þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar, er að setja á laggirnar sérhæfða þjónustumiðstöð sem annast skal ráðgjöf, greiningu, meðferð, hæfingu og endurhæfingu á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu.

2. Umfang óljóst

Það vekur strax athygli að frumvarpið er mjög víðtækt en um er að ræða mun víðtækari ráðstöfun en sameiningu á þremur stofnunum. Verið er að hverfa til mikillar miðstýringar á þeim málaflokki sem hér um ræðir og þar með draga úr vægi og þeim mikla krafti og þekkingu, sem býr með einkareknum fyrirtækjum og sjálfseignarstofnunum, sem sinnt hafa þjónustu við fatlað fólk í landinu. Frumvarpið gerir t.a.m. ráð fyrir þjónustu við fatlað fólk 18 ára og eldra með fjölbættar skerðingar og flóknar stuðningsþarfir án þess að gerð sé tilraun til að áætla umfang eða fjölda þess hóps og áætla kostnað sem slík þjónusta hefði í för með sér

3. Fjárhagsleg og fagleg áhrif

Ljóst er að þær breytingar sem hér eru lagðar til munu hafa gífurlegan kostnað í för með sér. Ekki liggur fyrir nein nákvæm greining á því hvernig ná skuli fram þeirri hagræðingu sem að er stefnt og óskýrleikinn að þessu leyti hlýtur að kollvarpa þeim fjárhagslegu forsendum sem liggja til grundvallar frumvarpinu. Það hlýtur því að teljast mjög óábyrgt af stjórnvöldum að leggja fram frumvarp sem þetta án þess að fyrir liggja nákvæm greining á þeim fjárhagslegu forsendum sem gengið er út frá.

Það er mat samtakanna að frumvarpið sé engan veginn nægjanlega vel unnið. Nauðsynlegt sé að eyða þeim mörgu óvissuþáttum sem birtast í því og hér hafa verið nefndir áður en til lögfestingar þess getur komið. Mikið vantar á að nægjanleg greining hafi farið fram á áhrifum þess, bæði hvað varðar faglegan og fjárhagslegan þátt málsins.

4. Skortur á samráði

Síðast en alls ekki síst, gagnrýna samtökin þann mikla skort á samráði við þau fyrirtæki og sjálfseignarstofnanir sem sem sinnt hafa margvíslegri þjónustu við þann stóra hóp fólks sem frumvarpinu er ætlað að taka til. Til þess að unnt sé að ná fram raunverulegri hagræðingu

(bæði fjárhagslegri og faglegru) í þeirri mikilvægu starfsemi sem hér er til umfjöllunar, er nauðsynlegt að eiga samráð við þessa aðila. Á það hefur algerlega skort við gerð frumvarpsins. Þessir aðilar gegna veigamiklu hlutverki í þjónustu við fatlaða einstaklinga í landinu og á sumum sviðum þjónustunnar er hún borin uppi af þessum aðilum. Þetta sýnir enn frekar fram á nauðsyn þess að frumvarpið verði betur unnið áður en lengra verði haldið við lögfestingu þess.

Að öðru leyti gera SVP ekki athugasemdir við frumvarpið. Samtökin áskilja sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig jafnframt reiðubúin til að funda um efnið verði þess óskað af hálfu nefndasviðs Alþingis.

Virðingarfyllst,
f.h. SVP



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.